

24. nóv. 2004, 3. árg.

Heimssýningin EXPO 2005 í Japan

Tækifæri fyrir fyrirtæki á Asíumarkaði

Næsta heimssýning, EXPO 2005, verður í Aichi-fylki í Japan, nálægt borginni Nagoya, á tímabilinu 25. mars til 25. september 2005.

Aðstaða fyrir íslensk fyrirtæki

Norðurlöndin verða þar með sameiginlegan skála og mun kynningin m.a. hafa það markmið að örva útflutning til Asíulanda og ferðalög þaðan til Íslands og annarra Norðurlanda.

Íslensk fyrirtæki eiga þess m.a. kost að nýta sérstaka aðstöðu í norræna skálanum til kynningarfunda með fulltrúum asískra fyrirtækja, auk þess sem leitað er að heppilegum vörum fyrir sölubúð skálans.

Kynningafundur fljótlega

Stefnt er að kynningarfundum með fulltrúum íslenskra fyrirtækja sem eiga hagsmuna að gæta í Asíu. Fyrirtæki sem óska að sinna málinu eru beðin um að láta Útflutningsráð Íslands vita hið allra fyrsta. Sími 511 4000, tölvupóstfang: utflutningsrad@utflutningsrad.is

Almennar upplýsingar um sýninguna fást á vef hennar <http://www.expo2005.or.jp> -- og um norrænu þátttökuna á

<http://www.nordicatexpo2005.org>

Viðskipti Íslands og Rússlands

Í vikunni funduðu embættismenn íslenskra og rússneskra stjórnvalda um viðskiptamál í Moskvu. Fjárfestingasamningur, loftferðasamningar og möguleiki á rammasamningi um fríverslun milli Rússlands og EFTA var meðal helstu málefna á fundinum. Nú standa einnig yfir samningaviðræður milli Íslands og Rússlands vegna aðildar Rússlands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO), þar sem stefnt er að verulega bættum viðskiptakjörum milli landanna.

Kjörin tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki í Rússlandi

„Segja má að allar almennar aðstæður efnahagslífsins bjóði erlendum viðskiptaaðilum og fjárfestum uppá margvísleg tækifæri á hinum rússneska markaði,“ segir Benedikt Jónsson sendiherra Íslands. „Íslensk fyrirtæki hafa á undanförunum misserum og árum sótt í auknum mæli inn á þennan markað, einkum þjónustu og fjárfestingar. Ein einstök fjárfesting íslenskra aðila hefur þegar skilað tólföldu útflutningsverðmæti á vörum ársins 2002 beint í íslenskt efnahagslíf. Þá má nefna að verðmæti lyfjadreifingar af hálfu íslensks fyrirtækis nemur um fimmföldu verðmæti vöruútflutnings til Rússlands á sama ári. Ef við ljúkum útistandandi samningum, einkum fjárfestingasamningi, við Rússa verður enn styrkari stöðum rennt undir viðskipti á milli landanna.“

Áritaður fjárfestingasamningur enn óundirritaður

Samningur um gagnkvæma vernd fjárfestinga á milli Íslands og Rússlands var áritaður fyrir tveimur árum en hefur enn ekki verið undirritaður. „Höfuðástæðan er sú að rússnesk stjórnvöld vilja víðtækari undanþágur en kveðið er á um í þeim samningi sem var áritaður.

Við leggjum ríka áherslu á að samningurinn verði undirritaður sem allra fyrst, enda er það báðum samningsaðilum í hag,“ segir Grétar Már Sigurðsson, skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins. Grétar Már segir að einnig hafi Ísland tekið upp mögulegt skuldauppgjör vegna gjaldþrotaskipta Karelrybflot, en fyrirtækið naut ábyrgðar frá tryggingadeild útflutnings.

Viðræður um viðskiptasamning við EFTA framundan?

Íslendingar gegna formennsku í EFTA og á fundinum kynntu íslenska sendinefndin hugmyndir um viðskiptasamning milli EFTA og Rússlands. Tóku Rússar vel í hugmyndina og munu skoða hana af alvöru þegar hún verður sett fram með formlegum hætti. „Við höfum verið að ræða gerð viðskiptasamnings milli Rússa og hinna EFTA-ríkjanna uppá síðkastið og stefnum að því, á næstu dögum, að senda Rússum drög að samningi,“ segir Grétar Már Sigurðsson. „Slíkur samningur myndi ryðja brautina fyrir fríverslunarsamning og óþarfi er að geta um mikilvægi hans fyrir íslensk fyrirtæki.“

Frh. bls. 2

24. nóv. 2004, 3. árg.

Beint flug milli Íslands og Pétursborgar?

Rússar tóku þeirri beiðni Íslendinga vel að bæta flugleiðinni „Keflavík-Pétursborg“ í viðauka við loftferðasamning sem hefur verið í gildi milli landanna í nokkur ár. Stefnt er að því að ljúka því sem fyrst.

Á fundinum var einnig rætt um flug íslenskra flugvéla yfir rússneskt landsvæði. Rússnesk loftferðayfirvöld hafa tekið 10.000 bandaríkjadali fyrir hvert yfirflug og verið gagnrýndir harðlega fyrir. Í vor gerðu ESB og Rússland með sér samkomulag um að gjaldtakan verði byggð á raunkostnaði, hún verði gerð gagnsæri og henni beitt án mismununar. Samkomulagið gengur í gildi eigi síðar en árið 2013. Á fundinum var óskað eftir því að íslensk flugfélög nytu sömu kjara og evrópsk flugfélög að því er varðarflug í rússneskri lofthelgi. Málefni þetta heyrir ekki undir samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og því verður að semja um yfirflugið beint milli ríkjanna.

Kvóti í Barentshafi

Samkvæmt fiskveiðisamningi Íslands og Rússlands geta íslenskir útgerðaraðilar keypt veiðiheimildir í Barentshafi af Rússum. Erfiðlega hefur gengið að verðleggja þessar heimildir, en þær nema um 2.000 tonnum af þorski. Þrýst var á rússnesk yfirvöld að leysa þetta mál þannig að Íslendingar geti átt möguleika á að nýta þessar veiðiheimildir.

Rússland aðili að WTO árið 2006?

Rússar vinna hörðum höndum að því að gerast aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnunni (WTO) sem fyrst. Aðild að WTO þýðir miklar breytingar á viðskiptakjörum í Rússlandi og þeim tækifærum sem Rússar hafa til markaðssóknar erlendis. Auk tollalækkana verður Rússlandi í meginatriðum óheimilt að mismuna ríkjum að því er innflutning varðar og að hygla innlendum fyrirtækjum á kostnað erlendra. Einnig þurfa þeir að auka frelsi í þjónustuviðskiptum og uppfylla ýmsar kröfur um gegnsæi og upplýsingaveitu viðvíkjandi lögum og reglum á markaði og girt verður fyrir ýmiskonar viðskiptahindranir.

Stefán Haukur Jóhannesson, fastafulltrúi Íslands í Genf, er formaður samninganefndar WTO vegna aðildar Rússlands og stjórnaði síðast samningalotu sem stóð frá 15. til 18. nóvember sl. Aðild Rússa að WTO er eitt stærsta verkefni

stofnunarinnar og umfangsmestu aðildarviðræður á vettvangi hennar síðan Kína varð aðili. Putin Rússlandsforseti hefur gert aðildina að forgangsverkefni og markmiðið er að aðildarviðræðunum ljúki áður en Rússland verður gestgjafi G-8 fundar stórveldanna í ársbyrjun 2006. Stefán Haukur segir að ennþá séu mörg erfið úrlausnarefni á borðinu enda feli WTO-aðild í sér grundvallarbreytingar á viðskiptasviðinu. „Hins vegar er greinilegt að Rússar leggja hart að sér til að ljúka viðræðunum sem fyrst og það er ánægjulegt að þeim hefur tekist að ljúka samningaviðræðum beint við mörg aðildarríki WTO.“

Viðræður Íslands og Rússlands um WTO-aðildina

Í krafti aðildar að WTO gafst Íslandi færi á að setja fram kröfur um að tollar í ýmsum vöruflokkum verði felldir niður við inngöngu Rússlands og hafa Rússar fallist á að fella niður tolla í mikilvægustu tollaflokkum fyrir Ísland. Stefnt er að því að ljúka beinum viðræðum milli Rússlands og Íslands fyrir lok þessa árs.

Stórkostleg aukning einkaneyslu

Rússlandsmarkaður er í töluverðum vexti og einkaneysla hefur hartnær þrefaldast frá árinu 1999. Erlendar fjárfestingar eru enn að aukast og voru um 30 milljarðar bandaríkjadala á síðasta ári.. Hagvöxtur á síðasta ári og þessu er um 7%.

